

Þetta tilkynnist hjermeð hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

66

4. maí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögu ráðgjafans, hefur hans hátign konunginum þóknast, 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1891 skuli ákveðin 2000 kr.

67

4. maí

Þetta er eigi látið hjá liða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um endurgjald sveitarstyrks. — Með brjefi, dags. 26. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hafa oddvitarnir í Garða- og Bessastaðahreppum í Gullbringusýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar 13. f. m., en með þeim úrskurði var ákveðið, að sitja skyldi við úrskurð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. sept. f. á., sem gjörði hinum forna Álptaneshrepp, nú Garða- og Bessastaðahreppum, að skyldu, að greiða Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu kr. 486,10, er lagt hefur verið þar úr fátækra sjóði til framfærslu 2 börnum Markúsar Kristjáns Þorsteinssonar, af því að Markús þessi ætti framfærslurjett í hinum forna Álptaneshreppi.

68

4. maí

Skjöl málsins bera það með sjer, að sýslumennirnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu hafa verið samdóma um, að þessi Markús Kristján Þorsteinsson ætti framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Álptaneshreppi, og þar af leiðandi bæri þeim hreppi að endurgjalda Vestur-Landeyjahreppi fátækra styrk veittan börnum hans tveim, að upphæð kr. 486,10. Með því nú að sýslumennirnir eru á einu máli um þetta, þá hlýtur þar við að sitja samkvæmt 3. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, sbr. landshöfðingjabrjef 15. desbr. 1885 (Stjórnartíð. 1885, B., bls. 149), eins og þjer, herra amtmaður, einnig hafið tekið fram í úrskurði yðar, sem að ofan er nefndur.

Jeg bið yður því, herra amtmaður, að tilkynna oddvitunum í Garða- og Bessastaðahreppum, að ofan nefnt erindi þeirra geti eigi orðið tekið til greina, og að leggja fyrir þá, að fullnægja tafarlaust ofan nefndum sýslumannsúrskurði, með því að greiða Vestur-Landeyjahreppi umræddar kr. 486,10.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík. — Með þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafið 24. maí þjer, herra amtmaður og háeruverðugi herra, sent hingað bónarbrjef frá fróken Ólavíu Jóhannsdóttur, þar sem hún sækir um leyfi til að ganga undir fyrri hluta næstkomandi burtfararprófs, þannig, að hún verði að eins reynd í námsgreinum þeim, sem þar til eru taldar, náttúrusögu, landafræði, ensku, stærðfræði og latneskum stýl, en með því að hin heiðruðu stiptsyfirvöld hefur greint á um, hvort leyfi til prófsins, þannig lagaðs, geti veitt, hafið þjer skotið þessu máli undir úrskurð minn.

69

24. maí